Textar



Árbæjarkirkja – jól 2026

Útg. 2

Kyrie

Kyrie eleison.
Christe eleison.

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Drottinn, miskunna þú oss.
Kristur, miskunna þú oss.

Gloria

Gloria in excelsis Deo, et interra pax homini bus bonae voluntatis.
Laudamus te, benedicimus te, adoramus te, glorificamus te.
Gratias agimus tibi propter magnam gloriam tuam.
Domine Deus, Rex coelestis, Deus Pater omnipotens.
Qui tollis peccata mundi. Qui sedes ad dexteram Patris.
Quoniam tu solus sanctus, tu solus Dominus, tu solus Altissimus,
Jesu Christe.
Cum Sancto, spiritu, in gloria Dei Patris.
Amen

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með mönnum sem hafa velvilja.
Vér lofum þig, vér blessum þig, vér tilbiðjum þig, vér vegsömum þig.
Vér þökkum þér fyrir þína miklu dýrð.
Drottinn Guð, himneskur konungur, Guð faðir almáttugur.
Þú berð burt syndir heimsins. Þú situr við hægri hönd föðurins.
Því að þú einn ert heilagur, þú einn ert Drottinn, þú einn ert hinn hæsti,
Jesús Kristur. Með heilögum anda, í dýrð Guðs föðurins.

Sanctus

Sanctus Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt coeli er terra gloria tua.
Hosanna in excelsis.

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Heilagur er Drottinn, Guð hersveitanna.
Himinn og jörð eru full af dýrð þinni.
Hósanna í upphæðum.

Hostia

O salutaris hostia quae coeli pandis ostium.
Bella premunt hostilia da robur fer auxilium.

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Ó, heilbrigði hersveit, sem opnar dyr himinsins.
Stríð kúga óvini, veita styrk, færa hjálp.

Benedictus

Benedictus qui venit in nomine Domini.
Hosanna in excelsis.

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.
Hósanna í hæðum.

Agnus Dei

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi, miserere nobis.
Agnus Dei, qui tollis peccata mundi, dona nobis pacem.

Ath. Setningar endurteknar misoft eftir röddum.

Google translate:
Guðs lamb, sem ber burt syndir heimsins, miskunna þú okkur.
Guðs lamb, sem ber burt syndir heimsins, gefðu okkur frið.

Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur skuggalangan daginn,
jólasveinar sækja að, sjást um allan bæinn.
Ljúf í geði leika sér lítil börn í desember,
inni' í friði' og ró, úti' í frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Uppi' á lofti, inni' í skáp eru jólapakkar,
titra öll af tilhlökkun tindilfættir krakkar.
Komi jólakötturinn kemst hann ekki' í bæinn inn,
inn í frið og ró, inn úr frosti' og snjó
því að brátt koma björtu jólin,
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt, stafa geislum björtum.
Norðurljósin loga skær, leika' á himni svörtum.
Jólahátíð höldum vér hýr og glöð í desember,
þó að feyki snjó þá í friði' og ró
við höldum heilög jólin,
heilög blessuð jólin.

Friðrik Guðni Þórleifsson

Grýlukvæði

S:
Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum.
Kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum.
Væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.

TAB:
Það á að gefa, gefa. Það á að gefa, gefa.
Það á að gefa, gefa börnum, börnum brauð
að bíta, bíta í á jólunum, jólunum
Kerta, kertaljós og klæðin, klæðin rauð
svo komist, komist þau úr bólunum, bólunum.
Væna, væna flís af feitum, feitum sauð
sem fjalla, fjalla gekk á hólunum, hólunum.
Nú er hún gamla, gamla Grýla, Grýla dauð,
gafst hún, gafst hún upp á rólunum, rólunum.

Ókunnur

Vögguljóð á jólum

SA:
Skín gegnum náttmyrkrið bjart ljós frá Betlehem.
Blítt syngja englarnir himninum á.
TB:
Vitringar koma síns konungs að leita
en kornunga móður og ungbarn þeir sjá.

Ave María, ave María,
ómar þýtt vögguljóð frá englanna hjörð.
Ave María, ave María,
mærin sem Guðssoninn fæddi á jörð.

TB:
Hvar er hans veldi og hverjir hans þegnar,
hví mun hans sproti og kóróna' ei sjást?
SA:
Fjárhirðar hirðin og fátækir þjóðin
og friður er sprotinn og kórónan ást.

Ave María ...

Hvað þótt þú gefir ei gull eða myrru?
Gjöf honum færðu af elsku og dáð.
Lofað sé barnið, og lofuð sú móðir
er lausnarann gaf oss af himnanna náð.

Ave María ...

Kristín Jóhannesdóttir

Ó Jesú, barn

Ó, Jesúbarn, þú kemur nú í nótt,
og nálægð þína ég í hjarta finn.
Þú kemur enn, þú kemur undrahljótt,
í kotin jafnt og hallir fer þú inn.

Þú kemur enn til þjáðra' í heimi hér
með huggun kærleiks þíns og æðsta von.
Í gluggaleysið geisla inn þú ber,
því guðdómsljóminn skín um Mannsins son.

Sem ljós og hlýja' í hreysi dimmt og kalt,
þitt himneskt orð burt máir skugga' og synd.
Þín heilög návist helgar mannlegt allt,
í hverju barni sé ég þína mynd.

Jakob Jóhannesson Smári

Hin fyrstu jól

Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg.
Í dvala sig strætin þagga.
Í bæn hlýtur svölun brotleg sál
frá brunni himneskra dagga.
Öll jörðin er sveipuð jólasnjó
og jatan er ungbarns vagga.

Og stjarna skín gegnum skýjahjúp
með skærum lýsandi bjarma,
og inn í fjárhúsið birtan berst,
og barnið réttir út arma,
en móðirin sælasti svanni heims,
hún sefur með bros um hvarma.

Og hjarðmaður birtist, um húsið allt
ber höfga reykelsis angan,
í huga flytur hann himni þökk
og hjalar við reifastrangann.
Svo gerir hann krossmark, krýpur fram
og kyssir barnið á vangann.

Kristján frá Djúpalæk

Klukknahljóð, klukknahljóð

Klukknahljóð, klukknahljóð
berst um bæ, bjartan snæ, jólasnæ.
Klukknahljóð, klukknahljóð
berst um bæ, yfir dali sveit og sæ.

Fönnin er hvít og hrein,
hylur grein, strá og stein.
Glitrar þar og glampar öll
grundin þakin mjöll.

Brátt sleðar bruna þar,
brekkurnar, hlíðarnar.
Leggur þá um loft og mið
ljúfan bjölluklið.

Opin standa himins hlið

Opin standa himinshlið
í helgum dýrðarljóma.
Loftin öll þau óma við,
þar englatungur hljóma.
Gloria. Hosanna in excelsis.

Héðan látum hljóma dátt,
til himins lofgjörð sanna.
Guð, sem gefur frið og sátt,
nú gistir jörðu manna.
Gloria. Hosanna in excelsis.

Sigurður Pálsson

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

Jólavers

Upp er oss runnin
úr eilífðarbrunni
sannleikans sól,
sólstöður bjartar,
birta í hjarta,
boða oss jól.

Lifna við ljósið
liljur og rósir
í sinni og sál,
í hjartanu friður
farsælukliður
og fagnaðarmál.

Kristur er borinn,
kærleika vorið
komið í heim;
köld hjörtu glæðir,
kærleikinn bræðir
klakann úr þeim.

Sólheima börnum
sindrar af stjörnum
hinn suðlægi kross;
lífsins hann lýsi' og
leiðina vísi
innra hjá oss.

Grímur Thomsen

Ég kem inn inn í hreysið

Ég kem inn í hreysið og horfi þig á.
Í heyinu sefur þú, veraldarþrá.
Ég beið þín svo lengi og leitaði' í von
og loks hef ég fundið þig, Maríusonþ

Ég veit þó að krossinn og kórónan sár
enn kremja þig munu um löng og mörg ár
en veröld þig aftur til konungs sig kýs
og krossfest hún með þér úr gröfinni rís.

Ég krýp við þinn beð og þú brosir til mín
úr barnsaugum lýsir öll miskunnin þín
og hljóðlát er nóttin, því helg eru jól
ég halla mér feginn í jötunnar skjól.

Guðmundur Óli Ólafsson

Fætt er barn á jörð

Um himinhvolf lýsir geisla glóð,
þar glampar ein stjarna björt og hljóð.
Dagsins birtu slær yfir fjall og fjörð.
Fætt er hér nú lítið barn á jörð.

Og hljóðlát bæn fer um lönd og lá
og ljúfur blær vanga strýkur þá.
Veggur efans burt berst með þakkar gjörð:
Barnið er fætt okkur hér á jörð.

Er dagar þá birtan boðar þér
þá blessun sem veitt af Guði er.
Kærleiks gjafir hans mýkja meinin hörð:
Maríuson fæddur er á jörð.

Það undra verk er sem draumur dýr
er Drottins son hingað aftur snýr
Dagsins birtu þá slær á fjall og fjörð.
Fætt er hér enn lítið barn á jörð.

Kristín Jóhannesdóttir